

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 24/2010

frá 12. mars 2010

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2010 frá 1. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/84/EB frá 27. ágúst 2008 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni (kerfisbundin útgáfa) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2008/84/EB fellur úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/77/EB ⁽³⁾ en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Brotti falli texti liðar 54zf (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/77/EB).
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzzzf (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/28/EB):

„54zzzzg. **32008 L 0084**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/84/EB frá 27. ágúst 2008 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 253, 20.9.2008, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/84/EB sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 4, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 253, 20.9.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 339, 30.12.1996, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. mars 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni*.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. mars 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.